**Þróunarsjóður innflytjendamála 2016-17 - Development Fund for Immigration Issues**

**Heiti verkefnis:** Velferðaverkefnið ÁFRAM – áætlun um stuðning og ráðgjöf til ungmenna með annað móðurmál en íslensku til að hindra brotthvarf úr framhaldsskóla.

**Nafn styrkþega:** Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

**Útdráttur:** Áfram er sértæk þjónusta fyrir nemendur sem eru að ljúka grunnskóla og þurfa stuðning og ráðgjöf á nýjum vettvangi í framhaldsskólanum. ÁFRAM er samvinnuverkefni Fjölbrautarskólans við Ármúla (FÁ), Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis (ÞLH), og grunnskólanna í Laugardal, Háaleitis- og Bústaðahverfum. Samvinnan tekur mið af heildarsýn á aðstæður nemandans og miðar að því að hindra brotthvarf nemandans úr námi. ÁFRAM verkefnið er í stöðugri þróun sem hófst árið 2011. Haustið 2017 var sótt um styrk frá þróunarsjóði innflytjendamála til að þróa sérstaklega stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku sem voru að hefja nám í FÁ. Á hverju vori kynna náms- og starfsráðgjafar grunnskólanna ÁFRAM fyrir tilteknum hópi nemanda í 10. bekk. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa glímt við náms-og/eða félagslegan vanda í grunnskólanum og vera taldir í brotthvarfshættu í framhaldsskólanum. Skólaárið 2017-2018 voru fjórir þátttakendanna í ÁFRAM verkefninu með annað móðurmál en íslensku. Bakgrunnur þeirra er mismunandi sem og lengd búsetu þeirra hér á landi. Stuðningur við þá hefur verið samkvæmt verferlum ÁFRAM og einnig var stuðst við verferil að danskri fyrirmynd. ÁFRAM ráðgjafi frá ÞLH hefur vikulega haft aðsetur í FÁ s.l. skólaár og hitt nemendurna í viðtölum og veitt ráðgjöf og stuðning. Ráðgjafinn er tengiliður við félagsráðgjafa á ÞLH sem starfa ÁFRAM og náms-og starfsráðgjafa FÁ. Leiðarljósið í stuðningi við ÁFRAM nemendur með annað móðurmál en íslensku er að leitast við að koma til móts við þarfir þeirra hverju sinni og styðja þá í að fóta sig á nýjum vettvangi og ná markmiðum sínum. Ein af meginniðurstöðunum er að ekkert ungmenni sem tók þátt í ÁFRAM verkefninu skólaárið 2017-2018 hefur flosnað úr námi, og hafa ungmennin nýtt sér þau úrræði sem eru í boði með samstarfi félagsráðgjafa félagsþjónustu ÞLH, ráðgjafa ÁFRAM og námsráðgjafa.

**Project Title:** The welfareprogram ONWARD (ÁFRAM) – Educational support for youths with icelandic as their second language

**Name of Grantee:** Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

**Abstract:** ONWARD is a program for youths that are finishing compulsory school and going to upper secondary school. ONWARD is a special counselling and support model tailored to help and strengthen individuals. The particular goal is to generate more activity among 15-18 years old youth, and to prevent them from leaving upper secondary school early. It is also a collaboration project between the high school Fjölbrautarskólinn við Ármúla (FÁ), Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis (ÞLH) and the compulsory schools in the neighborhood. The collaboration was launched in 2011 and has been under development ever since. For the schoolyear 2017-2018 ONWARD received a grant from the Fund for Immigrant Affairs to adjust the ONWARD support model to students of foreign origin in FÁ. A Danish support model from the Ministry of Refugees, Immigrants and Integration in Denmark was used and adapted for ONWARD. Weekly meeting with the ONWARD consultant were the main support for the pupils in the program. Additionally, pupils have been able to seek support from student consultants at FÁ and have regular meetings with social workers from ÞLH. The main outcome of the ONWARD project is that no pupil that has participated in the program has dropped out during the school year.